

Reykjavík 02.05.2025

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum).

Samtök ferðapjónustunnar – SAF hafa tekið til umsagnar ofangreint mál. Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tiltekna tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins líkt og er list í fyrstu málsgreinum í kaflanum *Tilfni og nauðsyn lagasetningar* greinargerðarinnar sem fylgir með frumvarpinu.

Frumvarpið var sett í Samráðsgátt stjórnvalda fyrr á þessu ári með máli [S-46/2025](#). Í framhaldi af því þá áttu SAF fund með ráðuneytinu til að fjalla um frumvarpið. Á þeim fundi var SAF gert það ljóst að frumvarpinu væri ekki ætlað að setja frekari kröfur á félagsmenn SAF, sem eru útgerðir í ferþega og skoðunarferðum, heldur væri um ræða breytingar til að uppfæra núgildandi lög miðað við þau alþjóðlega samninga sem við eigum aðild að.

Frumvarpið hefur tekið ákveðnum breytingum frá því það var á samráðsgáttinni eftir umsögn frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. SAF telja þessar breytingar vera til bóta. Frumvarpið og lögin eiga með réttu að hvetja fyrirtæki til þess að vera með úrgangsmál sín í lagi og fá fyrirtæki til að flokka með því að beita ívilnunum með frekari hætti en nú er gert. SAF telja að það mætti gera frekari breytingar á 3. gr. frumvarpsins með enn frekari hætti og leggja til að notað verði orðalag í áttina að eiga í stað þess að mega. Því væri til bóta ef í b. lið 3. gr. frumvarpsins yrði breytt í þá vega að „**Einnig á að** veita undanþágur frá greiðslu...” eða „**Einnig skal** veita undanþágu frá greiðslu...” í stað núverandi orðalags: „**Einnig má** veita undanþágu frá greiðslu...”.

Samtökin telja einnig að núgildandi 1. málsl. 3. mgr. 11. gr. c. ætti að vera orðuð með sama hætti, þ.e. „**Gjald skv. 1. mgr. á að** lækka ef umhverfisstjórnun,...” eða „**Gjald skv. 1. mgr. skal** lækka ef umhverfisstjórnun,...” í stað núverandi orðalags; „**Gjald skv. 1. mgr. má** lækka...”.

Með því að breyta orðalaginu þá setur það skyldu á Hafnarstjórnir til þess að lækka gjaldið en veitir þeim ekki val um slíkt. Núverandi orðalag gæti verið hægt að túlka sem val um lækkun eða niðurfellingu.

Lögin eiga að hvetja fyrirtæki til að gera betur í umhverfis og úrgangsmálum og þess vegna þarf að passa að þau fyrirtæki sem eru að gera vel fái að njóta þess en ekki sett enn frekari álögur á þau.

Virðingarfyllt
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri